

Kæri lesandi, ég er bæði hamingjusamur og stoltur yfir því að taka þátt í og vinna fyrir íshökkí á Íslandi. Bestu íþrótt sem í boði er á Íslandi að mínu viti. Íþrótt sem hefur mestu möguleika til að vaxa og dafna hér á landi í framtíðinni. Í samstarfi keppnisfélaga getur og hefur margt óheppilegt gengið á. Sérstaklega á uppvaxtartímum, á meðan ójafnvægi er á valdatafli í samvinnu félaga og lítill fjöldi þátttakenda getur gert að einstaka erfiðir einstaklingar gera samvinnu ómögulega. Það er samt mín tilfinning að almennt sé mikill vilji meðal allra sambandsfélaga að breyta þessu og tryggja að jafnvægi og samvinna ríki. Mér hefur einmitt fundist þetta hafa verið markmið undanfarin ár og vel hafi tekist í þeim efnum.

Í dag eru 3 félög sem vinna saman að framgöngu Íshökkí á Íslandi eins og við öll vitum. Þessi félög vinna öll með miklum sóma að þjálfun og keppni í öllum flokkum sem í boði eru fyrir börn, unglinga og fullorðinna. Þau teljast öll til stórra félaga innan íshökkíhreyfingarinnar. Það mætti því ætla að þau stæðu jafnfætis gagnvart hvert öðru þegar kemur að ákvörðunum og framgöngu innan íshökkíhreyfingarinnar. Ég tel einmitt að einn mikilvægasti þátturinn til að tryggja góða samvinnu og jafnvægi í íshökkíhreyfingunni sé að tryggja jafnræði á milli þessara félaga.

Því miður er 6.gr. laga Íshökkísambands Íslands í dag að stuðla að ójafnvægi, ósanngirni og vanmætti, innan samvinnu þessara félaga (núverandi 6.gr. má sjá í viðauka 1.). 6.gr. á að tryggja valdajafnvægi milli sambandsélaganna eftir stærð, en eins og hún er í dag veldur hún aðeins ójafnvægi á milli jafnstórra félaga. Það er mín persónuleg skoðun að það var alls ekki ætlunin með þessari grein og að andi hennar hafi verið að tryggja jafnvægi og jafnræði milli jafnra félaga. Ég vill því leggja til að þessari grein laganna verði breytt þannig að andi hennar komi betur fram.

Ef lög annara sambanda eins og t.d. HSÍ og KKÍ eru skoðuð þá er það gert hjá þessum samböndum með því að láta fulltrúafjölda sambandsfélaga aukast eftir stærð eða þátttöku í deildum sambandanna upp að vissu marki þegar hámarksfjöldi er náð. Uppvaxtarár sambandsfélaga eru þannig tryggð en þegar uppvexti lýkur og sambandsfélagið orðið aðili að flestum þáttum sambandsins þá hefur það öðlast jafnræði við eldri félög sambandsins. Þetta finnst mér til fyrirmyndar og ég nota þetta því að leiðarljósi í tillögu minni. Tillaga mín er eftirfarandi:

6. gr.

Íshökkíþing fer með æðsta vald í málefnum ÍHÍ og skal það haldið annað hvert ár á tímabilinu 1. mars til 31. maí. Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda ÍHÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila ákvarðast af þátttöku félaga í Íslandsmóti á því keppnistímabili sem Íshökkíþing er haldið sem hér segir:

- a) Fyrir félag, sem spilar í meistaraflokki karla koma 2 fulltrúar
- b) Fyrir félag, sem spilar í meistaraflokki kvenna koma 2 fulltrúar
- c) Fyrir félag sem spilar í flokki U18 - U20 koma 3 fulltrúar.
- d) Fyrir félag sem spilar í flokki U14 - U16 koma 3 fulltrúar.
- e) Fyrir félag sem spilar í flokki U8 - U12 koma 3 fulltrúar.

Hámarksfjöldi fulltrúa hvers aðildarfélags er ellefu (11).

Stjórn hvers héraðssambands/íþróttabandalags, sem hefur íshökkí innan sinna vébanda, skal þó eiga rétt á einum (1) fulltrúa sem hefur málfrælsi og tillögurétt, á Íshökkíþingi til viðbótar við fulltrúa félaga innan viðkomandi héraðssambands/íþróttabandalags.

Íshökkíþing skal boðað með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda héraðssamböndum og íþróttabandalögum. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu skulu berast stjórn ÍHÍ minnst þremur vikum fyrir þing. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið skal senda sambandsaðilum skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Afrit af bæði fyrra og seinna fundarboði skal sent aðildarfélögum ÍHÍ. Þingið getur þó tekið fyrir mál, borin upp með styttri fyrirvara, að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa. Íshökkíþing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað.

Ég vona að íshökkíþing verði tilbúið til að taka þessa tillögu mína til skoðunar og vonandi til atkvæðagreiðslu, helst á þinginu núna 2021. Einnig skora ég á aðildarfélög Íshökkísambands Íslands að nýta sér eingöngu 9 fulltrúa af þeim fulltrúum sem þau hafa fengið fyrir íshökkíþing 2021 til að sýna samstöðu og jafna með því valdastöðu allra félaga á þinginu.

Með vegsemd og virðingu

Hermann Haukur Aspar

Viðauki 1

Núverandi 6.gr. laga Íshökkísambands Íslands:

6. gr.

Íshökkíþing fer með æðsta vald í málefnum ÍHÍ og skal það haldið annað hvert ár á tímabilinu 1. mars til 31. maí. Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttabandalögum og héraðssamböndum sem mynda ÍHÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir fjölda keppnisflokka sem tekið hefur þátt í Íslandsmótum á næsta heila tímabili á undan.

- a) *Fyrir hvert keppnislið í meistaraflokki karla og kvenna koma 2 fulltrúar.*
- b) *Fyrir hvert keppnislið í 1. til 7. flokki kemur 1 fulltrúi.*
- c) *Stjórn hvers héraðssambands/íþróttabandalags, sem hefur íshökkí innan sinna vébanda, skal þó eiga rétt á einum fulltrúa sem hefur málfrelsi og tillögurétt, á sérsambandsþing til viðbótar við fulltrúa félaga innan viðkomandi héraðssambands/íþróttabandalags.*

Íshökkíþing skal boðað með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda héraðssamböndum og íþróttabandalögum. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu skulu berast stjórn ÍHÍ minnst þremur vikum fyrir þing. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið skal senda sambandsaðilum skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Afrit af bæði fyrra og seinna fundarboði skal sent aðildarfélögum ÍHÍ. Þingið getur þó tekið fyrir mál, borin upp með styttri fyrirvara, að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa. Íshökkíþing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað.